

101 gefur einni dóttur sinni, auk erfðahluta hennar að lögum, hálfra jörð, svo framarlega, sem 19. ágúst. verð hennar ekki yfirstigi fjórðung úr búi hans, en að dóttirin að öðrum kosti skuli greiða meðferingjum sínum mismuninn, og ákveður, að allt sem hún erfir, skuli undanþegið umráðum manns hennar, og að fasteignin eigi megi seljast, en að afganginu skuli beinlínis undir umsjón fjárhaldsmanns eða yfirfjárráðanda, varið eingöngu handa henni eða börnum hennar.

Í tilefni af þessu skal jeg, um leið og jeg endursendi frumrit arfleiðsluskrárinnar, þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að hin umsóttta staðfesting getur eigi orðið veitt, þar sem ráðgjafinn verður að vera yður samdóma um, að ákvarðanir arfleiðsluskrárinnar, að því er fjórðungsgjöfina snertir, sjeu í sjálfu sjer lögum samkvæmar og þurfi því ekki konungsstaðfestingar, en að hinu leytinu sje eigi heimild til í hinum íslenzku erfðalögum að veita ákvörðunum arfleiðsluskrárinnar slíka staðfestingu, að svo miklu leyti sem þær eiga að ná til erfðahlutans í heild sinni.

102 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hvort toll eigi að heimta 21. ágúst. af bramalífseelixir og bitter. — Að partil gefnu tilefni frá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu og hinum umboðslega endurskoðanda, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi, dags. 24. maí þ. á., lagt undir úrskurð ráðgjafans, hvort toll eigi að krefja af bitter, bramalífseelixir og yfir höfuð lagartegundum, sem vafi getur leikið á, hvort geti kallazt áfengir drykkir, um leið og þjer, til þess að sýna skilning yðar á þessu máli, bendið á álit það, er þjer, sem settur amtmaður í suðuramtinu og vesturamtinu, ljetuð uppi í þessu efni, og sem fylgdi nefndu brjefi yðar.

Út af þessu skal eigi látið hjá líða hjer með þjónustusamlega að tjá yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðgjafinn er alveg á sömu skoðun og þjer um, að eins og allar lagartegundir, sem ætlaðar eru til drykkjar, ekki geta álitizt tollskyldar einungis af þeirri ástæðu, að þær innihalda vínanda, heldur þurfi það að bætast við, að lagartegundin heyri undir einhverja þá drykkjartegund, sem gjald er lagt á í lögum 7. nóv. 1879 1. gr.: 1, öl; 2, brennivín eða vínanda; 3, rauðvín og messuvín; 4, öll önnur vínföng — þannig sje ekki hægt fyrirfram að gefa reglur fyrir, hvað eigi að heimfæra undir hverja af þessum drykkjartegundum, en að úrslitin verði að vera komin undir því, að því er snertir brama-lífs-elixír og bitter, sem ekki heyra undir neinn af þessum hinum fyrsttöldu lagartegundaflokkum í lögunum, hvort þjer geti talizt til þess, sem í lögunum er nefnt »vínföng«, og verður því að neita um brama-lífs-elixír, en um bitter er allt undir því komið, hvort hann er tilbúinn til drykkjar óblandaður, sem »bittersnaps«, þannig að aðalefnið í honum er brennivín eða vínandi, eða hann er tilbúinn sem »bitteressens«, til þess að blandast í smáskömmtum saman við brennivín, því að í fyrra tilfellinu er hann tollskyldur, í hinu síðara ekki.

103 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um löggildingu nýrrar 25. ágúst. sálmabókar. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. f. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi með fylgiskjölum frá biskupnum yfir Íslandi, þar sem hann fer þess á leit, að aukin og endurbætt sálmabók, sem nefnd sú, er hann skipaði 1878, hefur gefið út, megi við hafast við guðþjónustu í kirkjum og heimahúsum á Íslandi, þar sem prestar og söfnuðir koma sjer saman um það, og hafið þjer mælt með því, að hin umbeðna löggilding verði veitt.